
Menningarmál

LEIR OG LITIR

Að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir umfangsmikil sýning á leirmunum Steinunnar Marteinsdóttur og verður hún opin til 13. apríl nk. Steinunn nam leirkerasmíði í Vestur-Berlín 1957-60 en hefur síðan rekið eigið leirkeraverkstæði og haldið námskeið í grein sinni fyrir almenning. Hún hefur ekki tekið þátt í sýningum síðan 1966, og man ég persónulega ekki eftir að hafa séð gripi hennar áður.



Steinunn Marteinsdóttir við nokkrar veggmynda sinna, sem gerðar eru í leir. Ljósm. Bragi.

Oft vill verða þannig að þegar listafólk kemur aftur fram á sjónarsviðið eftir langa hvíld frá sýningarhaldi, vill það gjarnan sletta rækilega úr klaufunum og sýna myndarlega. Í mörgum tilfellum þýðir það að allt er látið fljóta með, því allt á það gefa einhverja mynd af þróun listamannsins þessi ár sem hann ekki sýndi. Stundum er slíkt réttlætanlegt því til eru þeir listamenn sem ekki geta leiðinlegir eða tvísaga verið. Hvað Steinunni snertir hefði sýning hennar orðið stórum áhrifameiri hefði hún verið minni og vandlegar valin. En þetta er e.t.v. ein af þeim hættum sem fylgja því að þurfa að fylla stóran sal að Kjarvalsstöðum, sérstaklega ef leirkerasmiður eða grafíkmaður á í hlut. Það væri mikill greiði við marga alvarlega listamenn ef sýningarsalnum væri einstaka sinnum skipt í tvennt.

Eins og er minnir sýning Steinunnar óþægilega á basar, ekki aðeins vegna þess að allt er sýnt, heldur einnig vegna þess að þar má finna fjöldann allan af sama hlutnum, t.d. eggjabikurum.

Manni finnst einhvernveginn að þótt hver bikar sé að vísu „original" frá hendi listakonunnar, þá sé svipmót margra þeirra svo nauðalíkt að vafasamt sé að sýna þá alla.

Tækni og útsjón

Það fer ekki á milli mála að Steinunn hefur yfir að ráða mikilli tækni og útsjónarsemi í list sinni, þótt deila megi um þá þróun sem orðið hefur á verkum hennar undanfarin 6-7 ár. Fyrir utan leirker eru hér leir-lágmyndir, raderingar, silkiþrykk og blýantsteikningar, en ekki í neinni tímaröð, að því er virðist.

Elstu verk Steinunnar á þessari sýningu eru glæsilega rennilegir „fúnksjón"-hlutir, skálar, kaffisett, vínsett, allt með fínlegum „art nouveau" brag. Áferð þeirra er mött og á þeim má finna mikið af mjúkum tilbrigðum í litatónum. Það sem bjargar þessum gripum frá því að vera of-fínir, dauðir skrauthlutir, er leikandi létt kímni í notkun ýmissa aukaforma á þeim, kímni sem reyndar má finna í grófari búningi í síðari verkunum.

MYNDLIST



eftir Aðalstein Ingólfsson

Á undanförnum árum virðist Steinunn hafa haft minni áhuga á notagildi verka sinna og fer að hugsa meira um sjálfstæða listsköpun innan ramma síns fags, sbr. það að nú kallar hún gripi sína „leirverk". Með frjálsari listsköpun verður vinnuháti hennar greinilega „expressjónískari" og jafnframt grófaði á ýmsan hátt, og spurningin er nú hvort þetta skref hafi verið heillavænlegt að öllu leyti.

Frelsi og form

Það er að vísu eðlilegt að hún skuli hafa reynt að losna undan viðjum „finna" leirverka og vinna á „eðlilegri", óheflaðri hátt, en ég vil meina að Steinunn hafi ekki enn fundið sér stíl sem komi fyllilega í staðinn fyrir eldri verk hennar. Grannir rennilegir vasar verða á seinni árum breiðar skálar, vambvið ker eða könnur þar sem allskyns leirkleprar og önnur lífræn tilbrigði skreyta stykkin. Í staðinn fyrir hina óskeikulu tilfinningu Steinunnar fyrir smekklega völdum möttum litatónum, þá glansar nú svo til allt sem glansað getur og oft í skærum skreytilitum. Er vart hægt annað en álykta að með frjálsari vinnubrögðum hafi eitthvað af smekk Steinunnar farið forgörðum í flaustri. Á þetta einnig við formbyggingu hennar ef á heildina er litið, — og á ég þar ekki aðeins við bleik leirblóm sem blómstra út úr vömbum kerjanna. Eldri verk hennar (1-c. 15) sýna að vísu ekki róttæka meðferð á formi, en bera samt vott um vilja listakonunnar til að takast á við form sem heild.

Í síðari verkum hennar virðist Steinunn að mestu leyti hafa gefið þennan áhuga á mótun heildarforms upp á bátinn. Gripir hennar eru hefðbundnir, allskyns velþekkt „ílát"-form eða bakkar og það sem hún nú gerir er einfaldlega að bæta allskonar hnoðuðum, teygðum og beygðum krúsidúllum utan á þá eða ofan á. Það eru semsagt þessir auka-„effektar" sem nú skipta höfuðmáli, „effektar" sem virðast gerðir með skreytingu fremur en formrannsókn í huga, og litavalið styður þessa ályktun að nokkru.

Í eldri verkum hennar fara saman form og litun þess, í síðari verkunum er formið oftast hefðbundið (og þá skreytt með öngum eða andlitum) og skreytingin fylgir á eftir, eins og ísing á tertu.

Þetta á þó sem betur fer ekki við allt, sem Steinunn Marteinsdóttir hefur gert undanfarin ár.

Mörg „Jökla"-verk hennar eru vandlega úthugsuð tilbrigði um íslenzka náttúru og sýna oft næman smekk, sérlega ef hún heldur sig við matta áferð. Einnig eru mörg hangandi form hennar (blómavasar?) nýstárleg og gleðja augað og myndir hennar, bæði lágmyndir eða silkiprent, eru oft vel uppbyggð verk (undir nokkrum áhrifum frá eiginmanni listakonunnar.....) með tilfinningu fyrir formum og hrynjandi þeirra.

Veita styrk, gefa út bók

DAGBÓK



EFTIR ÓLAF JÓNSSON

Í fyrradag birtist auglýsing sem nokkrum tíðindum sætir: þar var tilkynnt nýtilkomið styrkjakerfi til þýðingar og útgáfu norrænna bókmennta á öðrum norðurlöndum. Ætlunin er að þetta styrkjakerfi komist á fót þegar í ár, og má þá, ef vel lætur, vænta fyrstu bóka sem gefnar eru út með þessum hætti þegar í haust. Slíkar styrkveitingar hafa verið í ráðagerð og umræðu allmörg undanfarin ár, en með auglýsingunni er fyrst orðið ljóst hvernig ætlunin er að haga þeim.

Þegar rætt hefur verið um mál þetta hér á landi hefur athyglin einkum beinst að möguleikum sem fyrir vikið mundu skapast til að koma íslenskum bókmenntum á framfæri erlendis með því að kosta þýðingu og ef til vill að einhverju leyti útgáfu þeirra af samnorrænu menningarfé. Af auglýsingunni er á hinn bóginn ljóst að hér er miklu frekar um útgáfu- en þýðingarstyrki að ræða. Þótt miðað sé við að styrkur nemi sem næst þýðingarkostnaði hverju sinni er það skilyrði styrkveitingar að bók sé þegar ráðin til útgáfu í þýðingarlandinu, og hafi enda áður verið gefin út heima fyrir. Höfundar óútgengilegra handrita heima hjá sér eiga sem sé einskis útgáfustyrks að vænta.

Og fyrirkomulag þetta leysir í sjálfu sér ekki vanda óþekktra höfunda á fámennum málsvæðum — að koma verkum sínum á framfæri við útgefendur á hinum stóru norrænu málsvæðum.

Hér er um útgáfustyrk að ræða, gagnkvæma niður greiðslu á útgáfukostnaði norrænna bóka í þýðingu á önnur norðurlandamál. Og gildi þessara styrkveitinga til frambúðar veltur þá væntanlega á því hvort þær verða fyrst og fremst til að styrkja og greiða niður kostnað þeirrar útgáfu sem fyrir er af þessu tagi og ætla mætti að þrifist án hennar, eða hvort tekst í raun það sem til mun vera ætlast, að styrkirnir verði til að efla og auka útgáfuna, fjölga útgefnum titlum og auka upplög útgefinna bóka. Úr því verður reynslan auðvitað að skera.

En það er vitanlega ofur-eðlilegt að fjárveiting þessi renni í fyrsta lagi til útgáfustyrkja. Engum er akkur í að láta þýða bækur sem enginn vill þegar til kemur gefa út, né kosta útgáfu á bókum sem enginn vill lesa. Til að meta áhuga lesenda, markaðshorfur og söluvonir hverrar tiltekinnar bókar er ekki annað apparat nærtækt en hið viðtekna útgáfukerfi í löndunum. Þar fyrir má ætla að nefnd sú sem styrkveitingum ræður geti, ef henni sýnist, haft einhvers konar frumkvæði um þýðingu og útgáfu mikilsháttar verka sem hún telur að útgefendur hafi vanmetið eða vanrækt, en nefndinni finnst sjálfri nauðsyn bera til að séu þýdd, og yrði þá að líkindum einkum um eldri bókmenntir að ræða. En allar þessar ráðagerðir helgast að vísu af þeirri trú að fyrir hendi sé á norðurlöndum gagnkvæmur áhugi, umtalsverður ónýttur markaður fyrir bókmenntir frændþjóðanna.

Fé það sem í fyrstunni er lagt til þessara styrkveitinga nemur 750.000 dönskum krónum sem skiptast í átta hluti eftir málsvæðum. Í Íslands hlut koma 9% af upphæðinni, eða tæplega tvær milljónir króna með núgildandi gengi, til að kosta útgáfu norrænna bókmennta í íslenskri þýðingu.

Dálítið er nú torvelt að gera sér að óreyndu grein fyrir hvernig fé þetta geti nýst. Hér á landi er þó nokkuð gefið út af norrænum bókum frá ári til árs, sumpart óvönduðu dóti sem einskis styrks er maklegt, en sumpart líka góðum bókmenntum, ekki síst barnabókum á seinni árum. Væntanlega yrði hægurinn hjá að dreifa tveimur milljónum króna til þeirrar útgáfustarfsemi sem þegar er til, henni til styrktar og ef til vill líka nokkurrar aukningar.

En þá er að vísu að því að gæta að þýðingarlaun eru ekki nema lítið brot af öllum útgáfukostnaði bókar, og spursmál hvort styrkveiting sem ekki nemur meira fé geti ráðið úrslitum um útgáfu bókar eða afkomu hennar útgefinnar. Hitt væri líka hugsanlegt, að veita færri en að því skapi stærri styrki, fyrst og fremst eða einvörðungu til verka sem ekki þykja neinar líkur til að út væru gefin án styrks. Í slíkum tilfellum má ætla að þýðingarkostnaður geti orðið til muna meiri en um algengari bækur. Og í öllu falli hlýtur sú kvöð að fylgja styrkveitingunni að vel verði jafnan til þýðingar vandað, og betur en einatt tíðkast á íslenskum bókamarkaði.

Hvað þá um framavonir íslenskra bóka og rithöfunda erlendis vegna hins nýja styrkjakerfis? Það er eins og áður spursmál um það hvort styrkveiting sem nemur sem næst þýðingarlaunum ríði baggamuninn, hvort hennar vegna fáist bók útgefin sem ella væri hafnað af kostnaðarástæðum. Það er alls ekki víst. Og eftir sem áður er vandi útkjálkamannsins óleystur, forlögin eru treg að taka verk hans til útgáfu af því að höfundurinn er öldungis óþekktur fyrir, en þekktur verður hann ekki á meðal lesenda nema bækur hans séu þýddar og gefnar út. Og þar við bætist svo vandi sjálfrar þýðingarinnar, hversu fáir þýðendurnir eru sem raunverulega eru færir um að skila verki í fullgildri þýðingu — hvort heldur er úr íslensku á önnur norræn mál, eða finnsku á íslensku, eða þá lappnesku og grænlensku á dönsku og sænsku. Þýðing og útgáfa er reyndar ekki nóg nema verkið sem um er að tefla komist heilt og óspillt fram í sinni nýju mynd.

En framgangur íslenskra bókmennta á vegum hins norræna samstarfs ræðst í fyrstu lotu af áhuga og eftirspurn útgefenda á Norðurlöndum eftir íslenskum bókum til þýðingar og útgáfu þegar styrkir verða veittir í fyrsta sinn í vor, og svo aftur í haust.